

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 161/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Líkamsárás. Bifreiðar. Ölvun við akstur. Ökuleyfis-
svipting. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað með stefnu 8. maí 1995 að ósk ákærða með vísun til a- til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá krefst ákærvaldið þess, að svipting ökuréttar í héraðsdómi verði staðfest. Loks er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu þeirrar skaðabótakröfu, sem fram er sett í ákæru og nemur 3.465.625 krónum auk vaxta og kostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af ákæru fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verði brot hans einungis talið varða við 3. mgr. 218. gr. a sömu laga. Þá krefst hann styttingar á sviptingu ökuréttar. Loks krefst ákærði þess, að viðurkennt verði, að hann hafi að fullu greitt skaða- og miskabætur með því að greiða kæranda 200.000 krónur 31. ágúst 1995, en ella verði bótakrafan lækkuð verulega og framangreind fjárhæð metin til frádráttar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er bréf lögmanns kæranda til ríkissaksóknara 8. september 1995 um neikvæðar afleiðingar atburðanna 28. október 1994 á andlegt heilsufar hennar og yfirlýsing hennar sjálfrar um sama efni 9. september 1995. Þessar lýsingar eru ekki studdar læknisfræðilegum gögnum. Í yfirlýsingu kæranda kemur og fram, að eftir uppsögu héraðsdóms

hafi hún og ákærði öðru hverju haft náíð samneyti. Að ósk verjanda ákærða gaf kærandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. september sl. og gerði frekari grein fyrir þessum samskiptum.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst með reifun framburðar ákærða og kæranda, og er verulegt misræmi í lýsingum þeirra. Á það einkum við um aðdraganda líkamsmeiðinganna, hversu lengi þær hafi staðið yfir og hvort ákærði hafi beitt kæranda kynferðislegri nauðung. Kærandi virðist hafa komið á heimili ákærða milli kl. 17.00 og 17.30, en lögregla var kvödd á vettvang fyrir utan heimili kæranda kl. 20.34, er þau voru þangað komin. Margt er óljóst um nánari framvindu atburða, og rannsóknargögn um fatnað kæranda eru ekki svo glögg sem æskilegt hefði verið. Það var mat hins fjölskipaða héraðsdóms, að framburður ákærða um það, hvernig flíkur kæranda rifnuðu, hefði ekki verið trúverðugur. Samkvæmt framburði læknis á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans vegna nauðgunar hélt kærandi á rifnum buxum sínum, þegar hún kom þangað, og er það í samræmi við framburð hennar sjálftrar. Um það nýtur þó ekki óyggjandi skriflegra gagna frá slysadeildinni. Fyrir dómi lýsti læknirinn því, að áverki á burðarbarmi kynfæra kæranda benti til nauðgunar, þótt hann hefði einnig getað komið eftir spörk.

Kærandi hefur frá upphafi haldið því staðfastlega fram, að ákærði hafi auk líkamsmeiðinga þröngvað sér til holdlegs samræðis. Hún lýsti því strax fyrir systur sinni, lögreglu og starfsfólki á neyðarmóttöku, að um nauðgun hefði verið að ræða. Hún hefur ekki hvíkad frá þeirri lýsingu, þótt þau ákærði hafi síðar haft nokkur kynferðisleg samskipti, eins og áður greinir.

Með skírskotun til gagna málsins þykir fyllilega í ljós leitt, að at-laga ákærða að kæranda var bæði langvinn og hrottafengin. Hann neytti aflsmunar í hamslausri bræði, eins og hann hefur sjálfur viðurkennt, og veita lýsingar lögreglu á vettvangi og áverkar kæranda örugga vitneskju um það, að hún hefur nær engum vörnum við komið. Ekki eru komin fram nægileg rök til að ætla, að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi sé röng, svo að einhverju skipti um úrslit málsins, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Við svo búið og með hlöðsjón af öðru því, sem fram er komið, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Eins og at-

vikum og aðstöðumun aðila var háttað, kemur ekki til álita að færa líkamsárásarbrot ákærða undir 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti. Kærandi hefur viðurkennt móttöku 200.000 króna frá ákærða 31. ágúst 1995, og kemur sú fjárhæð til frádráttar dæmdri bótakröfu.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá dæmdri bótafjárhæð skal draga 200.000 króna innborgun frá 31. ágúst 1995.

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málflytningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 27. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurinum Guðjóni St. Marteinsyni sem dómsformanni, Arngrími Ísberg og Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-333/1995: Ákærvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, en málið var dómtekið 5. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 28. febrúar 1995, á hendur ákærða, „Þorsteini Þorsteinssyni, Barmahlíð 1, Reykjavík, fæddum 21. júlí 1955, fæðingarnúmer 4629, fyrir eftirgreind brot síðla dags og að kvöldi föstudagsins 28. október 1994:

I. Nauðgun og stórfelldar líkamsmeiðingar.

Ráðist á konuna K, 38 ára, fyrrverandi sambýliskonu sína, á þáverandi heimili sínu á jarðhæð hússins nr. 20 við Hlíðarhjalla í Kópavogi og misþyrmt henni á hrottafenginn hátt með hnefahöggum og spörkum og eftir langvarandi líkamsmeiðingar þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis. Hlaut konan af þessu stórfelld líkams- og heilsutjón. Brotnaði vinstri sperrileggur konunnar, og hún bólgnaði og marðist mikið og djúpt um allan

líkamann, hlaut mikla bólgu og mar í andlit, glóðarauga báðum megin og blæðingu í ytra borð vinstra auga, töluverðar blæðingar og blóðsamsöfnun á hvirfil og hnakka, mar og bólgu á bak og brjóstkassa, mikið mar bæði grunnt og djúpt alls staðar á báðar mjaðmir, læri og fótleggi og á báða handleggi og hendur með blæðingu í vöðva.

Telst þetta varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Umferðarlagabrot.

Í framhaldi af ofangreindu broti ekið bifreiðinni R-52500 undir áhrifum áfengis frá Hlíðarhjalla 20 að [...], Reykjavík, og eftir skamma viðdvöl þar að félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Rafstöðvarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Í málinu krefst K þjáninga-, miska- og skaðabóta, samtals 3.465.625 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 28. 10. 1994 til greiðsludags og að ákærða verði gert að greiða sér málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 129. gr. laga nr. 91/1991 og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttar til að aka vélknúna ökutæki samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.“

Upphaf afskipta lögreglu af málinu er samkvæmt skýrslu frá 28. október 1994 það, að lögregla var send að [...] vegna líkamsárásar. Er lögreglan kom þar á vettvang, hitti hún fyrir K, sem greindi frá því, að hún hefði farið á heimili ákærða að Hlíðarhjalla 20, Kópavogi, um kl. 17.30 þennan dag. Hefði ákærði þrifið í sig og togað sig inn í íbúðina og ráðist þar á sig og síðan nauðgað sér. Sagði K ákærða fyrrum sambýlismann sinn og hafa verið ölvaðan og ekið burt á bifreið sinni, en samkvæmt gögnum lögreglu var ákærði síðan handtekinn við rafveituheimilið í Elliðaárdal. Ákærði reyndist þá hafa áverka á brjóstkassa, og var hann fluttur á slysadeild til skoðunar. Að öðru leyti kemur aðdragandi máls þessa í ljós, er rakinn verður framburður ákærða og vitna, en ákærði og K bjuggu um hríð saman, og verður vikið að því síðar. Ekki þykir ástæða til að rekja frumgögn lögreglu frekar hér, heldur rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómnum.

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið, að til átaka hafi komið milli sín og K, en dregið í efa, að hann hafi valdið þeim áverkum á K, sem lýst er í ákæru, og telur, að

hluta áverkanna megi rekja til atburðar, sem varð í Mosfellsbæ 16. október 1994, er K lenti þar í átökum.

Í læknisvottorði K frá 31. október 1994 segir:

„Hér með vottast, að ofangreind kona kom á slysadeild að kvöldi 28. 10. 1994 og kvaðst hafa orðið fyrir árás. Hún segir, að ráðist hafi verið á sig og sér veittir áverkar á ýmsan hátt, m. a. hafi margoft verið sparkað í sig, hún slegin með hnúum, kastað til á veggj og slegin með ýmsu lauslegu og m. a. brotinn á sér spegill og sennilega flaska einnig.

Við komu á slysadeild kvartar hún um höfuðverk, verkjum hér og hvar um líkamann, erfiðleika með að stíga í við. fót og þokuský á við. auga.

Sköðun leiðir í ljós, að viðkomandi er í sennilega góðu andlegu jafnvægi, en illa til reika á ýmsan hátt, fót tætt og rifin, og víða eru blóðblettir og greinileg merki um, að átök hafi átt sér stað.

Áverkarnir eru í höfuðráttum eftirfarandi: Mikil bólga og mar í andliti, brot í nefrót og inni í kinnholi við. megin. Glóðaraugu báðum megin. Blæðing í ytra borði við. auga. Smáskrámur hér og hvar, aðallega í kringum augu. Töluverðar blæðingar og blóðsamsöfnun á hvirfli, hnakka. Merki um rispur og fleiður á hálsi báðum megin og í kringum barkakýli. Mar og bólga á baki og brjóstakassa, en þó ekki grunur um rifbrot eða innri meiðsli. Mikið mar á báðum handleggjum og er það bæði grunnt og djúpt með blæðingu í vöðva og erfiðleikum með að lyfta handleggjum og hreyfa hendur. Mar á báðum framhandleggjum og höndum, en þó ekki merki um brot.

Á báðum mjóðmum, lærum og fótleggjum eru merki um grunnt og djúpt mar alls staðar. Fleiður innan á lærum, á báðum hnéskeljum og mikil eymsli í kálfum, sérstaklega við. megin. Þá er einnig minni háttar þroti og eymsli um kálfa og fætur.

Rtg-myndir af hálsi, höfði og brjóstakassa sýna ekkert óeðlilegt. Rtg-myndir af lendhrygg sýna grun um brot í framkanti III. hryggjarliðar (þetta er ekki staðfest brot, þarf að athuga betur síðar með öðrum rannsóknnum). Rtg-myndir af hnéskeljum sýna ekkert óeðlilegt. Rtg-mynd af við. kálfa sýnir brot í sperrilegg eftir spark (direct áverki).

Kvensjúkdómalæknir framkvæmir sérstaka sköðun og sýnatöku vegna grunar um nauðgun.

Álit: Töluverðir áverkar hér og hvar á líkamanum. Brot í andliti og nef-beini, en þó þarf sennilega ekki að meðhöndla það sérstaklega.

Grunur um brot í hryggjarlið og brot í við. sperrilegg, þarf sennilega ekki meðhöndlunar við nema að ganga á hækjum þar til eymsli ganga yfir, en búast má við að brotið taki um 2 mánuði að gróa. Mar og bólga á öllum útlimum og í andliti og á höfði. Merki um að hálstök hafi verið tekin. Ekki grunur um að tjónþoli hafi verið undir áhrifum áfengis.

Tjónþoli leggst inn á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans frá 28/10 til 30/10.

Eftirlit verður á göngudeild.“

Vegna framburðar ákærða og samkvæmt ósk frá verjanda ákærða var nýtt læknisvottorð K ritað 9. janúar 1995, en það var m. a. vegna ætlaðrar ónákvæmni í fyrra vottorði og hugsanlegra áverka á K, sem hún hafði hlotið hinn 16. október sl.

Í læknisvottorðinu frá 9. janúar sl. segir m. a.:

„Hvað varðar áverka K í kjölfar líkamsárásar 28. 10. 1994, enda (sic) klínískar rannsóknir til af broti í rifbeinum IV, V og VI við megin og II, III og IV og IV hæ. megin séu ný eða nýleg rifbrot.

Af rtg-myndunum einum að dæma og beinaskanni, sem gert var 9. 11. 1994, er ekki óbyggjandi hægt að festa við (sic) ákveðna dagsetningu, en af klínískum skoðunum að dæma eru þau fremur frá 28/10 en frá 16/10. Líkur á að þau séu enn eldri eru litlar. Þetta á einnig við um rifbrot aftan til á XI. rifbeini við megin. Sprungan í hæ. ökkla er einnig ferskt brot svo og brotið á sperrilegg við kálfa.

Á rtg-myndum af andlitsbeinum 28/10 1994 sáust vökvaborð í kinnholunni við megin og samkvæmt rtg-læknum bendir slíkt til að um brot sé að ræða. Þá lýsir rtg-læknir misfelli neðan til í vegg kinnholunnar og telur það geta verið sprungu, að öðru leyti sáust ekki óbyggjandi merki um brot í andlitsbeinum.

Það kom einnig fram upptaka í herðablaði hæ. megin sem benti til nýlegs áverka þó að það komi ekki fram á venjulegum rtg-myndum.

Eins og kemur fram í vottorðum 31/10 og 11/11 '94 voru aðaláverkar K mjúkvefjaáverkar í andliti, höfði, brjóstakassa og útlimum og voru þessar áverkar þess eðlis og í þeim mæli að útilokað er að fullyrða annað en að þeir væru nýir og til komnir á þann hátt sem K gat um og miðað við þær lýsingar á aðferðum sem K kvað hafa átt sér stað nægir það til skýringar á þeim áverkum sem til staðar voru.

Hins vegar gætu hugsanlega hafa leynst einhverjar menjar um áverka frá nefndri líkamsárás 16. 10. 1994 en þeir hafa þá algjörlega horfið í skuggann af þeim bráðaáverkum sem til staðar voru.“

Brynjólfur Jónsson bæklunarlæknir kom fyrir dóminn 4. apríl sl. og bar, að áverkar K, sem lýst er í ákæru, hafi verið nýir og ferskir, er hún kom til skoðunar 28. október sl. Hafi einhverjir áverkar verið fyrir þá, hefðu þeir algjörlega fallið í skuggann af áverkum, sem hún hafði við skoðunina 28. október sl. Brynjólfur kvað útilokað, að brotinn sperrileggur hefði stafað af átökum, sem K lenti í 16. október 1994, og rökstuddi Brynjólfur það álit sitt

fyrir dómimum. Þá taldi hann rifbrot, sem lýst er í læknisvottorðinu frá 9. janúar sl., stafa að langmestu leyti frá atburðunum 28. október sl., en ákær-an lýtur ekki að rifbeinsbrotum.

Anna Þórhildur Salvardsdóttir lækni kom fyrir dóminn 4. apríl sl. og staðfesti þá þau gögn, sem hún vann, er K kom til skoðunar á neyðarmóttöku 28. október sl. Þar er frásögn eftir K efnislega á sama veg og hún bar fyrir dómimum.

Í gögnum, sem Anna Þórhildur ritaði eftir skoðun K, segir m. a. um áverka á andlit: Þar hafi verið glóðaraugu báðum megin, augun sokkin, einnig bólga og mar á nefi og kinnbeinum. Þá segir, að þetta sé eftir kýlingar. Um handleggi segir mikil bólga og mar, einkum utanvert á báðum upp-handleggjum, einnig mar á höndum, rispúr og sár. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Um fótleggi segir, að geysileg bólga og mar hafi verið á báðum lærum utanverðum, hrúfl og mar innanvert á hægri læri, mar á sköflungi vinstra megin og mar og rispúr á leggjum, sár á hægri hné. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Um bak segir, að mar og cympli hafi verið hægri megin út í síðuna og vinstra megin á floraxsvæði nær hryggnum, mikil cympli yfir spjaldhrygg. Í niðurstöðu segir, að þetta sé eftir barsmíðar. Þá segir, að þrjár rákir hafi verið á hálsi. Í niðurstöðu segir, að þetta geti samrýmst því, að slæðu hafi verið vafið um háls og hert að.

Fyrir dómimum kvað Anna þessa áverka alla hafa verið nýja og ferska við skoðun. K hafi nánast hvergi verið með heilan blett.

Ákærði kom til skoðunar á slysadeild 28. október sl.

Í læknisvottorði hans segir m. a., að sár hafi verið á brjóstakassa framan til, neðan geirvörtu, 4–5 cm langt hægri megin, húð og undurhúðsfita rofin, en ekki vöðvar eða brjóstveggur. Fyrir neðan hafi verið tvær rispúr á húð, 10 til 12 cm langar. Á hægri hendi hafi verið mar og fleiður á hnúum, á vinstri hendi mikið mar á II. og III. miðhandarbeini, fleiður á III. hnúa, hrúfl á II. og IV. hnúa og þrjú smásár á þumli aftanverðum. Í niðurlagi stendur, að áverki á brjóstakassa gæti verið eftir eggvopn. Áverkarnir hafi verið vægir og líklegt, að þeir grói án vandræða. Áverkarnir geti verið eftir árás eða átök, barsmíðar, beitingu á hnúum við að slá og áverkinn á vinstra handarbeini eftir þungt högg, jafnvel glerbrot. Almenn ástand styðji, að átök hafi orðið.

Dómurinn telur sannað með þeim læknisfræðilegu gögnum, sem nú hafa verið rakin, svo og með framburði K og að hluta með framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi valdið öllum þeim áverkum á K, sem í ákæru greinin. Koma áverkar konunnar heim og saman við framburð ákærða um atlögu hans að henni. Þykir mega hafna þeim framburði ákærða, að áverka K megi rekja til atburðanna í Mosfellsbæ.

Ákærði hefur borið, að hann hafi haft samfarir við K með samþykki hennar.

Er K kom á neyðarmóttöku, hafði hún hluta fatnaðar síns meðferðis, en var ekki klædd að fullu. Þar á meðal voru svokallaðar „leggings“-buxur og afturhluti nærbuxna, en framhluti þeirra fannst á heimili ákærða.

Framburður ákærða um það, hvernig þessar flíkur rifnuðu, þykir ekki trúverðugur, og þykir dómínunum ósennilegt, að nærbuxur K hafi rifnað í sundur við það, að ákærði tók í hana og kastaði henni til, eins og hann hefur borið. Líklegustu skýringuna á rifnum nærbuxum og „leggings“-buxum telur dómurinn vera þá, að fatnaðurinn hafi rifnað við það, að ákærði færði K úr flíkunum, eins og hún bar fyrir dómínunum, og styðja áverkar víðs vegar um líkama K þá niðurstöðu. Þá er þess sérstaklega að geta, að K hafði mikið mar á lærum og burðarbarmi kynfæra, og telur dómurinn það styðja framburð K um nauðgun. Þá ber vitnið Anna Þórhildur Salvardsdóttir lækni, að áverkni á burðarbarmi bendi til þess, að konan hafi verið beitt harðræði og að áverkinn tengist nauðgun, þótt ekki sé óhugsandi, að áverkinn hafi hlotist með öðrum hætti.

Ákærði bar fyrir dómínunum, að K hefði haldið inn á baðherbergi, eftir að samförunum lauk, og þrifið sig og skolað, eins og ákærði bar. Þessi framburður þykir ótrúverðugur, einkum í ljósi þess, að við skoðun á neyðarmóttöku fundust sex blettir innanvert á lærum K, og segir í niðurstöðu um þá, að þeir samrýmist þurum sæðisblettum.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði K og þeim gögnum, sem lýst var, bæði frá neyðarmóttöku og læknisvottorðum og öðrum gögnum málsins, sem eru í samræmi við framburð K, en gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um nauðgun, svo sem í ákæru greinir.

Brot ákærða í I. kafla ákæru varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þennan ákærulið varðar. Þess má geta, að magn alkóhóls í blóði ákærða mældist 1,55%, en ákærði hefur borið, að hann hafi neytt lítils háttar af áfengi, eftir að akstri lauk. Þykir mega byggja á því við úrlausn málsins.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis, og varðar brot hans, sem lýst er í II. kafla ákæru, við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu.

Áverkar á ákærða, sem hann hafði við skoðun á slysadeild 28. október 1994, benda ekki til þess, að um mikla mótspyrnu hafi verið að ræða af hálfu K, er ákærði gekk í skrokk á henni. Áverkar ákærða voru vægir, eins

og segir í læknisvottorði ákærða. Hann hefur borið, að hann hafi misst stjórn á skapi sínu, er hann kýldi og sparkaði í K. Atлага ákærða að K var langvarandi og lauk í rauninni ekki fyrr en K var komin að heimili sínu, svo sem rakið var, og þykir bera vott um, í hvaða ham ákærði var, meðan á árásinni stóð. Atлага ákærða var hrottafengin, og bera áverkar K og önnur gögn málsins þess merki.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjú ár, en með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal draga frá refsivistinni 13 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði hefur með ölvunarakstri sínum unnið til sviptingar ökuréttar, og skal hann sviptur ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

K hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér samtals 3.465.625 kr. í bætur, er sundurliðast sem hér segir:

1. Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	203.270
2. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	–	3.000.000
3. Þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga	–	100.000
4. Vegna tjóns á bifreiðinni M-3707	–	27.923
5. Áætlaður kostnaður vegna fataskemmda	–	5.000
6. Vegna læknishjálpar	–	2.700
7. Vegna leigubifreiðakostnaðar	–	4.770

Til stuðnings kröfulið nr. 1 hefur K lagt fram launaseðla, er sýna, hverjar launagreiðslur voru til hennar fyrir og eftir árásina. Engra gagna nýtur við í málinu, er sýni, hversu lengi hún var óvinnufær af völdum árásarinnar og hvort hún hafi á þeim tíma fengið greiðslur frá vinnuveitanda sínum eða annars staðar frá. Kröfugerð hennar, er útbúin var og fylgt eftir af lögmanni, þykir að þessu leyti vera vanreifuð, og verður því að vísa þessum lið frá dómi.

Með hliðsjón af því, hversu hrottaleg árás ákærða var og áverkar K miklir, eins og lýst var, þykja bætur til hennar fyrir miska hæfilega ákveðnar 900.000 kr., en ekki er ástæða til að dæma henni sérstaklega þjáningabætur. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar hefur verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við að halda bótakröfunni fram og jafnframt til virðisaukaskatts.

K hefur lagt fram reikninga til stuðnings kröfuliðum nr. 4, 6 og 7, og kröfuliðum nr. 5 þykir vera sanngjarn miðað við, hvað sjá má af myndum í gögnum málsins um skemmdir á fatnaði hennar, og verða liðir þessir því teknir til greina eins og krafist er.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði því dæmdur til að greiða K 940.393 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 28. október 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 200.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákærvaldsins, og 350.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlauð til verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, sæti fangelsi í þrjú ár, en frá refsivistinni dregst 13 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði K 940.393 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 28. október 1994 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 200.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 350.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlauð til verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.
